

Sp. 612. Tillaga til þingsályktunar [383. mál]
um upplýsingamiðlun um húsnæðis- og byggingarmál.

Flm.: Guðmundur Einarsson, Eiður Guðnason, Davíð Aðalsteinsson,
Sigríður Þorvaldsdóttir, Geir Gunnarsson, Birgir Ísl. Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa sjö manna nefnd til að skipuleggja og hrinda í framkvæmd því verkefni að efla upplýsingamiðlun um húsnæðis- og byggingarmál til almennings og aðila í byggingariðnaði með eftirtöldum hætti:

1. útgáfu handbóka,
2. námskeiðahaldi,
3. söfnun tölvutækra gagna,
4. öðrum aðferðum við söfnun og miðlun upplýsinga sem hentugar þykja.

Nefndarmenn verði tilnefndir af eftirtöldum aðilum:

1. Upplýsingaþjónustu Rannsóknaráðs,
2. Byggingarþjónustunni,
3. Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins,
4. Reiknistofnun Háskóla Íslands,
5. Iðntæknistofnun,
6. Húsnæðisstofnun ríkisins,
7. Landssambandi iðnaðarmanna.

Verkefnið njóti stuðnings ríkissjóðs í þrjú ár.

Greinargerð.

Þessi tillaga var flutt á síðasta þingi. Hún hlaut ekki fullnaðarafgreiðslu og er því endurflutt nú.

Eitt af einkennum nútímans er það gífurlega magn upplýsinga sem til er á flestum sviðum. Tæknilegar framfarir hafa valdið því að möguleikar til öflunar, geymslu og dreifingar upplýsinga margfaldast næstum á hverju ári.

Ein meginforsenda þess að vestrænar þjóðir haldi lífskjörum sínum á næstu árum jafngóðum og nú er að þær nýti þær upplýsingar sem tiltækar eru í atvinnumálum, félagsmálum og á fleiri sviðum. Aldrei hefur verið dýrara að standa í stað. Það mun hafa úrslitaáhrif á þróun íslensks þjóðfélags og þeirra gæða sem það mun geta boðið þegnum sínum að hér verði sem fyrst mörkuð sú almenna upplýsingastefna sem þegar er farið að fylgja víða erlendis.

Húsbyggingar og húsnæðiskostnaður eru einn stærsti liðurinn í útgjöldum á heimilum ungs fólks nú og mun verða svo um langa framtíð. Á undanförnum árum, og raunar enn, hefur athyglin einkum beinst að öflun lánsfjár til húsbygginga. Minni áhersla hefur verið lögð á að lækka byggingarkostnað sem að miklu leyti hefur dulist í verðbólguþjálfing og óverðtryggðum lánnum. Hann verður hins vegar greinilegri þegar sífellt fleiri búa í húsnæði sem eingöngu er reist fyrir verðtryggt lánsfé. Gildir þar einu hver eignaraðild íbúanna er.

Á héraendum markaði er fjölbreytt framboð á tækni, efni og þjónustu til húsbygginga og umfangsmiklar rannsóknir fara fram hjá ýmsum aðilum. Erlendis skýtur á hverju ári upp kollinum fjöldi nýjunga í þessum efnunum. Ýmsar stofnanir héraendis búa yfir mikilli reynslu og eiga upplýsingar sem mættu koma að meira gagni en þær gera í dag. Mikið skortir á að þessari vitneskju sé komið áleiðis á virkari hátt til íslenskra húseigenda og aðila í byggingariðnaði.

Það er enginn vafi á því að nú þegar eru til aðferðir sem mundu lækka rekstrar- og byggingarkostnað húsa stórkostlega. Nægir þar að benda á leiðir til orkusparnaðar. Það hefur aldrei verið brýnna að safna tiltækri þekkingu saman, gera hana aðgengilega og dreifa henni. Þótt einstaklingar verji miklum tíma til að afla sér upplýsinga þá eru takmörk fyrir því hverju þeir geta áorkað í þeim efnunum á eigin spýtur. Það liggur því beint við að gert verði áttak í því að safna þessari þekkingu saman á einn stað og koma henni á framfæri við húsbyggjendur og húseigendur.

Verkefnistillaga þessi miðar að því að þeir aðilar, sem málið er skyldast, bindist samtökum um að tilgreina og hrinda í framkvæmd þeirri gagnasöfnun og útgáfustarfsemi sem nauðsynleg er í þessu skyni. Meðal annars er lagt til að vinna skólanemenda verði nýtt við vissa þætti þessara verkefna eftir því sem þeir eru færir um og það samrýmist námi þeirra. Í þessu skyni verði leitað eftir samvinnu við ýmsa skóla sem kenna greinar sem að gagni mættu koma. Með því að hagnýta vinnu nemendanna með þessum hætti vinnst það m. a. að þeir fá bein kynni af þessum viðfangsefnum og námsvinna þeirra nýtist við uppbyggingu gagnasafnanna. Fyrirkomulag af þessari gerð mundi styrkja samband skóla og atvinnulífs, báðum þessum aðilum til góðs. Gert er ráð fyrir að allt skráð efni yrði ýmist þegar í byrjun sett í tölvutækt form eða auðvelt yrði að koma því í slíkt form síðar. Þannig mætti gera heildarverkefnið mun ódýrara og aðgengilegra en ella.

Lagt er til að verkefnið verði skipulagt sem samvinnuverkefni eftirtalinna aðila sem allir búa nú þegar yfir mikilli þekkingu á þessu sviði. Óþarft er að setja á fót nýja stofnun í þessu skyni. Hægt er að nýta aðstöðu sem þegar er til í gögnum, vélbúnaði og hugbúnaði. Einnig mætti hugsa sér að rekstur verkefnisins í heild, eða einstakra hluta þess, verði boðinn út. Má t. d. í þessu sambandi benda á starfsemi Byggingarþjónustunnar sem þegar hefur talsverða reynslu á þessu sviði. Hjá Rannsóknaráði ríkisins hafa þegar verið uppi tillögur í þessum málum.

Lagt er til að félagsmálaráðherra skipi sjö manna nefnd sem skipuð verði einum fulltrúa frá hverjum eftirtalinna aðila:

1. Upplýsingaþjónustu Rannsóknaráðs,
2. Byggingarþjónustunni,
3. Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins,
4. Reiknistofnun Háskóla Íslands,
5. Iðntæknistofnun,
6. Húsnæðisstofnun ríkisins,
7. Landssambandi iðnaðarmanna.

Reiknað er með að verkefnið verði fjármagnað og rekið með:

1. einhverju vinnuframlagi fyrrgreindra aðila,
2. vinnuframlagi nemenda, og jafnvel kennara, í greinum sem varða húsbyggingar (nemendur og kennarar Háskóla Íslands, Tækniskóla og iðnskóla),
3. sölu handbóka og námskeiðagjöldum,
4. gjöldum fyrir aðgang að gagnasöfnum,
5. þriggja ára framlagi á fjárlögum.

Við skiptingu þessarar þjónustu verði lögð megináhersla á að stofnanir, sem mest afskipti hafa af húsbyggingarmálum, séu í beinu sambandi við gagnasöfnun. Sama gildi um sveitarstjórnir, byggingarfulltrúa, iðnráðgjafa, byggingavörverslanir, byggingaverktaka, arkitektastofur og verkfræðistofur, svo að dæmi séu nefnd.

Með beinu tölvusambandi þessara aðila mætti tryggja sem mesta nýtingu, áreiðanleika og gagnsemi þessara upplýsinga fyrir íslenskan húsnæðisiðnað.